

STJÓRNARTÍÐINDI A 11 – 1992

8. júlí 1992

205

Nr. 70

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 8. júlí 1992.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

11. júlí 1992

Nr. 71

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 11. júlí 1992.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

16. júlí 1992

Nr. 72

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 26. júní 1992 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

82. grein hljóði svo:

Hjúkrunarfræði er fjögurra ára nám er lýkur með B.S. prófi. Hámarksnámstími er 6 ár. Til þess að flytjast milli námsára má stúdent eiga eftir eitt próf hið mesta úr námsefni næsta námsárs á undan og ekki próf frá fyrri námsárum. Námsbrautarstjórn getur veitt undanþágu frá þessum reglum, ef sérstaklega stendur á.

Stjórn námsbrautarinnar ákvarðar kennslugreinar, skiptingu þeirra í námskeið og vægi þeirra og skal það tilgreint í kennsluskrá. Allar breytingar á kennsluskrá skal tilkynna eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg, en geta verið munnleg eða verkleg eftir ákvörðun námsbrautarstjórnar.

Ef prófbættir í námskeiði eru tveir eða fleiri, er stjórn námsbrautarinnar heimilt að tillögu kennara að ákveða, að stúdent teljist ekki lengur hafa staðist próf nema hann hafi í tilteknum prófbáttum náð lágmarkseinkunn námskeiðsins í heild. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

Árangur stúdents í verklegu námi skal metinn af þeim kennara, sem kennsluna veitir. Einkunn í verklegu námi reiknast ekki til lokaeyðunnar í námskeiði. Þó er kennara það heimilt með samþykki námsbrautarstjórnar og skal slík ákvörðun þá tilgreind í kennsluskrá.

Til þess að standast próf verður stúdent að hafa hlotið eigi lægri einkunn en:

1. 4,0 í efnafræði.
2. 6,0 í hjúkrunarnámskeiðum samkvæmt nánari ákvörðun námsbrautarstjórnar.
3. 5,0 í öðrum námskeiðum.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 16. júlí 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Knútur Hallsson.

FORSETABRÉF

um setningu Alþingis mánudaginn 17. ágúst 1992.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 31 1. júní 1992, um samkomudag reglulegs Alþingis 1992 o.fl., sbr. síðari mgr. 35. gr. stjórnarskrárinnar, skal reglulegt Alþingi 1992 koma saman mánudaginn 17. ágúst 1992.

Um leið og ég birti þetta, að tillögu forsætisráðherra, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 7. ágúst 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.